

HS Veitur hf.

Árshlutareikningur

1.1.-30.06.2020

HS Veitur hf.
Brekustíg 36
260 Reykjanesbæ
kt. 431208-0590

HS Veitur hf.

Árshlutareikningur

1.1.-30.06.2020

Efnisyfirlit

Könnunarályktun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Yfirlit um heildarafkomu	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um sjóðstreymi	6
Yfirlit um eigið fé	7
Skýringar	8-12

Könnunarályktun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í HS Veitum hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árs hlutareikning HS Veitna hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2020. Árs hlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á árs hlutareikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árs hlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, árs hlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árs hlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

Ábyrgð endurskoðanda


Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árs hlutareikningnum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem getu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árs hlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, efnahag þess 30. júní 2020 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, árs hlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Reykjanesbær, 28. ágúst 2020

Deloitte ehf.


Anna Birgitta Geirfinnsdóttir
endurskoðandi

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Árshlutareikningur HS Veitna hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2020 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Samkvæmt yfirliti um heildarafkomu námu rekstrartekjur félagsins 3.689 milljónum og nam heildarhagnaður kr. 374 milljónum. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 30.665 milljónum, bókfært eigið fé er kr. 14.276 milljónir og er eiginfjárlutfall félagsins 46,56%. Enginn arður var greiddur á tímabilinu en eigin bréf voru keypt fyrir 500 milljónir króna.

Í lok tímabilsins voru hluthafar í félaginu 4 en þeir eru:

Reykjanesbær með 50,1% hlut, HSV Eignarhaldsfélag slhf. með 34,38% hlut, Hafnarfjarðarbær með 15,42% hlut og Suðurnesjabær með 0,1% hlut. Þetta eru sömu hluthafar og eignarhlutir í prósentum og voru á síðusta tímabili.

COVID-19 heimsfaraldurinn hefur án efa haft áhrif á viðskiptavinum HS Veitna hf eins og aðra landsmenn. Óljóst er hver áhrif faraldsins muni hafa á rekstur HS Veitna til langs tíma en á fyrri helming ársins hefur faraldurinn haft óveruleg áhrif. HS Veitur munu fylgjast vel með framvindu mála næstu misseri og grípa inn í ef þurfa þykir. Það er mat stjórnar og stjórnenda að HS Veitur hf séu vel í stakk búin til að takast á við krefjandi aðstæður sem tengjast COVID-19 hvort sem lítið er til þjónustu við viðskiptavinum og eða fjárhags og lausafjárstöðu.

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er árshlutareikningur félagsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og er það álit stjórnar og forstjóra HS Veitna hf. að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins 30. júní 2020, rekstrarárangri og fjárhagslegri þróun á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2020.

Stjórn og framkvæmdastjóri HS Veitna hf. staðfesta hér með árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2020 með undirritun sinni.

Reykjanesbær, 28. ágúst 2020


Í stjórn



Guðbrandur Einarsson
stjórnarformaður



Margrét Sanders



Guðný Birna Guðmundsdóttir



Heiðar Guðjónsson



Kristinn Þór Jakobsson



Sigríður Vala Halldórsdóttir



Ólafur Ingi Tómasson

Forstjóri



Júlíus Jonsson

Yfirlit um heildarafkomu 1.1.-30.06.2020

		2020 01.01.-30.06	2019 01.01.-30.06
Rekstrartekjur	7	3.688.575	3.655.214
Kostnaðarverð sölu		(2.470.432)	(2.315.936)
Vergur hagnaður		<u>1.218.143</u>	<u>1.339.278</u>
Annar rekstrarkostnaður		(402.204)	(400.022)
Rekstrarhagnaður		<u>815.940</u>	<u>939.255</u>
Fjármunatekjur		51.162	92.106
Fjármagnsgjöld		(431.501)	(454.499)
Gengismunur		(9.690)	(572)
	8	<u>(390.029)</u>	<u>(362.964)</u>
Hagnaður fyrir skatta		425.911	576.291
Tekjuskattur		(52.373)	(77.453)
Heildarhagnaður tímabilsins		<u><u>373.538</u></u>	<u><u>498.839</u></u>
Hagnaður á hlut:			
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut		0,44	0,56
Aðrar upplýsingar:			
EBITDA		1.314.531	1.419.383

Efnahagsreikningur 30. júní 2020

Eignir	30.6.2020	31.12.2019
Fastafjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir	27.131.936	26.759.290
Óefnislegar eignir	639.963	686.072
Eignarhlutar í félögum	34.214	34.214
	<u>27.806.113</u>	<u>27.479.576</u>
Veltufjármunir		
Vörubirgðir	585.748	432.764
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	786.410	1.097.227
Handbært fé	1.486.315	1.845.111
	<u>2.858.473</u>	<u>3.375.102</u>
Eignir	<u>30.664.586</u>	<u>30.854.678</u>
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé		
Hlutfé	853.100	883.800
Lögbundinn varasjóður	170.620	220.950
Endurmatsreikningur	3.193.846	3.256.640
Óráðstafað eigið fé	10.058.591	10.041.228
	<u>14.276.156</u>	<u>14.402.618</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar		
Vaxtaberandi skuldir	9 11.678.754	11.816.693
Leiguskuldbindingar	12 314.730	315.509
Fyrirframinnheimtar tekjur	10 693.403	738.522
Tekjuskattsskuldbinding	1.989.113	1.989.733
	<u>14.676.001</u>	<u>14.860.457</u>
Skammtímaskuldir		
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	924.564	623.666
Næsta árs afborganir langtímaskulda	664.023	642.746
Næsta árs afborganir leiguskuldbindinga	1.641	1.641
Ógreiddir reiknaðir skattar	52.993	265.141
Fyrirframinnheimtar tekjur	69.207	58.407
	<u>1.712.429</u>	<u>1.591.602</u>
	<u>16.388.430</u>	<u>16.452.059</u>
	<u>30.664.586</u>	<u>30.854.678</u>

Yfirlit um sjóðstreymi 1.1.-30.6 2020

	2020 01.01.-30.06	2019 01.01.-30.06
Rekstrarhreyfingar		
Rekstrarhagnaður	815.940	939.255
Afskriftir	498.591	480.127
Söluhagnaður fastafjármuna	(5.042)	(60.650)
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta	<u>1.309.488</u>	<u>1.387.016</u>
Vörubirgðir, (hækkun)	(152.984)	(95.499)
Aðrar rekstartengdar eignir, lækkun	314.006	105.752
Rekstartengdar skuldir, hækkun, (lækkun)	102.299	(34.650)
Fyrirframinnheimtar tekjur, (lækkun)	(34.319)	(34.319)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	<u>1.538.490</u>	<u>1.328.299</u>
Innborgaðir vextir og arður	47.973	69.535
Greiddir vextir	(233.699)	(234.357)
Greiddir skattar	(66.024)	(54.155)
Handbært fé frá rekstri	<u>1.286.740</u>	<u>1.109.322</u>
Fjárfestingahreyfingar		
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(820.129)	(1.266.177)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	(6.650)	(18.638)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir	6.694	70.666
	<u>(820.086)</u>	<u>(1.214.149)</u>
Fjármögnunarhreyfingar		
Afborganir langtímaskulda	(324.671)	(303.484)
Afborganir leigusamninga	(779)	(779)
Keypt eign bréf	(500.000)	(500.000)
	<u>(825.450)</u>	<u>(804.263)</u>
Lækkun handbærs fjár	(358.796)	(909.090)
Handbært fé í upphafi árs	1.845.111	3.472.631
Gengismunur handbærs fjár	0	165
	<u>1.486.315</u>	<u>2.563.705</u>

Eiginfjáryfirlit 1.1.-30.6 2020

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Endurmats- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1. janúar 2019	915.900	228.975	3.388.291	8.777.129	13.310.295
Keypt eigin bréf	(32.100)	(8.025)		(459.875)	(500.000)
Heildarafkoma tímabilsins				498.839	498.839
Upplausn afskrifta af endurmati				65.909	0
Eigið fé 30. júní 2019	883.800	220.950	3.388.291	8.882.002	13.309.134
Eigið fé 1. janúar 2020	883.800	220.950	3.256.640	10.041.229	14.402.618
Keypt eigin bréf	(32.100)	(50.330)		(417.570)	(500.000)
Heildarafkoma tímabilsins				373.538	373.538
Upplausn afskrifta af endurmati				62.794	62.794
Eigið fé 30. júní 2020	851.700	170.620		10.059.991	14.338.951

Heildarhlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 851,7 millj. kr. þann 30. júní 2020 og er nafnverð hvers hlutar ein íslensk króna. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hluta í félaginu, auk réttar til arðgreiðslu. Allt hlutfé félagsins hefur verið greitt.

Skýringar

1. Félagið

HS Veitur hf. er hlutfélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutfélög. Lögheimili þess er að Brekkustíg 36 í Reykjanesbæ. Félagið var stofnað 1. desember 2008 í kjölfar skiptingar Hitaveitu Suðurnesja hf. í HS Orku hf. og HS Veitur hf. Félagið annast dreifingu á rafmagni, heitu vatni og köldu vatni.

2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS 34 sé fylgt

Árshlutareikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Samandreginn árshlutareikningur félagsins inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning fyrir árið 2019. Við gerð árshlutareiknings er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings 2019. Hægt er að nálgast ársreikning félagsins á vef þess www.hsveitur.is

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

4. Mat og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð árshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif notkun reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingunum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Samandreginn árshlutareikningur fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2020 var samþykktur af stjórn þann 28. ágúst 2020.

5. Stýring fjármálagraráhættu

Yfirlit

Stjórn félagsins ber að innleiða áhættustýringu og hafa eftirlit með fjármálagraráhættu þess.

Markmið félagsins með áhættustýringu er að uppgötva og greina áhættu sem það býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni. Áhættustefna félagsins og aðferðir eru yfirfarnar reglulega til að greina breytingar á markaði og starfsemi félagsins.

Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi félagsins ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta félagsins er einkum vegna viðskiptakrafna.

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Lánsáhætta félagsins ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna. Atvinnugreinar og staðsetning viðskiptamanna hafa minni áhrif á lánsáhættu.

Flestir viðskiptamenn félagsins hafa átt í áralöngum viðskiptum við félagið og tapaðar viðskiptakröfur hafa verið óverulegar í hlutfalli af veltu. Við stýringu lánsáhættu vegna viðskiptavina er einkum horft til aldurs krafna og fjárhagsstöðu einstakra viðskiptamanna. Innheimtustjóri skoðar reglulega tölulegar upplýsingar um breytingar á aldri viðskiptakrafna. Viðskiptamenn sem ekki standa í skilum geta ekki átt frekari viðskipti við félagið nema greiða niður skuldir sínar eða innheimtudeild félagsins samþykki frekari úttektir á grundvelli samkomulags.

Skýringar

6. Stýring fjármálalegrar áhættu (framhald)

Lánsáhætta

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Félagið myndar niðurfærslu vegna áætlaðrar virðisrýrnunar viðskiptakrafna og annarra krafna. Niðurfærslan er í meginatriðum sérstök niðurfærsla vegna einstakra viðskiptamanna og sameiginleg niðurfærsla með tilliti til aldurs krafna, sem hefur verið tengd einstökum viðskiptamönnum. Sameiginlega niðurfærslan er ákveðin með tilliti til innheimtusögu sambærilegra krafna og framtíðarhorfa.

Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið félagsins er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að það hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla og forðast þannig að skaða orðspor félagsins.

Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar í markaðsverði erlendra gjaldmiðla og vaxta hafi áhrif á afkomu félagsins eða virði fjármálagerninga. Markmið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

Gjaldmiðlaáhætta

Gjaldmiðlaáhætta félagsins er óveruleg þar sem skuldir félagsins, tekjur og gjöld eru nær einvörðungu í íslenskum krónum.

Vaxtaáhætta

Lántökur félagsins eru allar með föstum verðtrygðum vöxtum. Snýr því vaxtaáhætta félagsins fyrst og fremst að áhættu vegna verðlagsbreytinga.

Önnur markaðsverðsáhætta

Önnur markaðsverðsáhætta er takmörkuð, þar sem fjárfestingar í eignarhlutum er óverulegur hluti af starfsemi félagsins.

Eiginfjárstýring

Það er stefna stjórnar félagsins að eiginfjárstaða félagsins sé sterk til að styðja við stöðugleika í framtíðarþróun starfseminnar.

Stjórn félagsins leitast við að halda jafnvægi milli ávöxtunar eigin fjár, sem mögulegt er að hækka með aukinni skuldsetningu, og hagræði og öryggi sem næst með sterku eiginfjárlutfalli. Í skuldabréfaútgáfum félagsins eru ákvæði þess efnis að það er heimild til gjaldfellingar bréfanna fari eiginfjárlutfall undir 35%.

Rekstraráhætta

Gjaldskrá fyrir dreifingu raforku er háð tekjuramma sem gefinn er út af Orkustofnun. Tekjuramminn byggir á rauntölum úr rekstri dreifiveitu í fimm ár, afskrift fastafjármuna, rauntöpum í dreifikerfi og 2020 er leyft WACC 6,60% fyrir skatta. Gjaldskrá er ákveðin miðað við tekjuramma og áætlanir um raforkusölu á dreifiveitusvæði félagsins. Áhætta félagsins af tekjuramma felst í því að tekjuramma er reiknaður út frá arðsemi fyrri ára því kann til skamms tíma að myndast ójafnvægi á milli tekna og útgjalda.

Á grundvelli ákvæða laga og alþjóðlegra reikningsskilastaðla er ekki færð skuldbinding vegna hugsanlega oftekinna tekna. Uppsafnaðar tekjuheimildir HS Veitna hf. í árslok 2019 voru vannýttar um 153 milljónir króna.

Skýringar

7. Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttaupplýsingar eru birtar eftir rekstrarsviðum félagsins samkvæmt skipulagi og innri upplýsingagjöf félagsins. Enginn viðskiptavinur er með yfir 10% af heildartekjum ársins.

1. janúar til 30. júní 2020	Raforku- dreifing	Heitt vatn sala og dreifing	Ferskt vatn sala og dreifing	Annað	Samtals
Rekstrartekjur samtals	1.900.658	1.277.216	385.642	125.059	3.688.575
Rekstrarafkoma starfsþátta	338.334	327.403	151.606	(1.404)	815.940
Óskiptir liðir:					
Fjármagnsliðir					(390.029)
Tekjuskattur					(52.373)
Heilarhagnaður ársins					<u>373.538</u>
Eignir starfsþátta	16.833.325	7.372.455	3.469.779	96.340	27.771.899
Óskiptar eignir					<u>2.892.687</u>
Eignir samtals					<u>30.664.586</u>
Óskiptar skuldir					16.388.430
Fjárfestingar	628.050	96.996	49.079	52.654	826.780
Afskriftir	286.981	136.660	72.509	2.441	498.591
Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta					1.314.531
1. janúar til 30. júní 2019					
	Raforku- dreifing	Heitt vatn sala og dreifing	Ferskt vatn sala og dreifing	Annað	Samtals
Rekstrartekjur samtals	1.983.174	1.173.753	398.551	99.736	3.655.214
Rekstrarafkoma starfsþátta	443.824	307.142	177.561	10.730	939.256
Óskiptir liðir:					
Fjármagnsliðir					(305.295)
Tekjuskattur					(60.957)
Heilarhagnaður ársins					<u>573.004</u>
Eignir starfsþátta	15.771.923	7.375.918	3.514.171	95.761	26.757.773
Óskiptar eignir					<u>6.821.302</u>
Eignir samtals					<u>33.579.075</u>
Óskiptar skuldir					18.414.278
Fjárfestingar	1.015.230	182.817	50.845	35.923	1.284.815
Afskriftir	269.538	131.866	76.613	2.109	480.127
Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta					1.419.383

Skýringar

8. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	1.1.-30.06.2020	1.1.-30.06.2019
Vaxtatekjur af bankareikningum	36.970	75.491
Vaxtatekjur af viðskiptakröfum	12.966	15.323
Arður af hlutabréfaeign	1.225	1.225
Aðrar vaxtatekjur	(0)	67
	<u>51.162</u>	<u>92.106</u>
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtagjöld af langtímalánum	(234.051)	(243.765)
Verðbætur langtímalána	(196.556)	(209.415)
Vaxtagjöld af skammtímaskuldum	(145)	(208)
Annar fjármagnskostnaður	(748)	(1.112)
	<u>(431.501)</u>	<u>(454.499)</u>
Gengismunur fjáreigna og fjárskulda greinist þannig:		
Gengismunur	(9.690)	(572)
	<u>(9.690)</u>	<u>(572)</u>
	<u>(390.029)</u>	<u>(362.964)</u>

9. Vaxtaberandi skuldir

	Skuldir við lánastofnanir	
	30.6.2020	31.12.2019
Vaxtaberandi skuldir	12.342.778	12.459.440
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum	12.342.778	12.459.440
	<u>(664.023)</u>	<u>(642.746)</u>
Langtímaskuldir í árslok	<u>11.678.754</u>	<u>11.816.693</u>
Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:		
	30.6.2020	31.12.2019
Afborganir 1.7.2020-30.6.2021 / 2020	664.023	642.746
Afborganir 1.7.2021-30.6.2022 / 2021	687.333	665.304
Afborganir 1.7.2022-30.6.2023 / 2022	711.469	688.663
Afborganir 1.7.2023-30.6.2024 / 2023	736.463	712.851
Afborganir 1.7.2024-30.6.2025 / 2024	762.345	737.898
Afborganir síðar og til 2033	8.966.153	9.208.439
	<u>12.527.785</u>	<u>12.655.901</u>
Vegnir meðalvextir eru eftirfarandi:		
	30.6.2020	31.12.2019
Óveðtrygð skuldabréfaútgáfa með fjárhagsskilyrðum.....	3,41%	3,42%

Afföll vaxtaberandi skulda nema um 185 milljónum króna þann 30. júní 2020 (31. desember 2019: 196 mkr) og eru færð til lækkunar bókfærðu virði og gjaldfærð yfir líftímann.

Skýringar

10. Þjónustu- og verkkaupasamningar

Félagið selur þjónustu til HS Orku hf. á sviði reikningagerðar og innheimtu samkvæmt þjónustu- og verkkaupasamningi milli félaganna.

11. Leigusamningar

IFRS 16 kynnir heildstætt líkan sem felur í sér færslu leigusamninga í efnahagsreikning. Félagið, sem leigutaki, hefur fært til eignar nýtingarrétt sem endurspeglar rétt félagsins til notkunar eigna og á móti skuld vegna framtíðarleigugreiðslna. Samkvæmt staðlinum þarf ekki að færa í efnahagsreikning leigusamninga til skemmri tíma en eins árs og leigu á ódýrum eignum. Ákvæði um leigusala munu ekki breytast verulega frá gildandi staðli sem áfram flokkar leigusamninga í fjármögnunarleigusamninga eða rekstrarleigusamninga.

Félagið hefur innleitt IFRS 16 miðað við aðferð uppsafnaðra áhrifa (e. Modified retrospective approach), þar sem leigueignir færðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna eru jafnar leiguskuldum á upptökudegi 1.1.2019. Samkvæmt þeirri aðferð hefur samanburðartölum fyrir árið 2018 ekki verið breytt, þ.e. þær eru færðar samkvæmt IAS 17 og öðrum tengdum stöðlum.

Leigusamningar þar sem félagið er leigutaki

Félagið hefur fært eignir og skuldir vegna leigusamninga um húsnæði, aðstöðu- og lóðarleigu. Eðli kostnaðar tengdum þessum leigusamningum hefur breyst þannig að félagið afskrifar nýtingarrétt og færir vaxtagjöld af leiguskuld en áður voru leigugreiðslur færðar meðal rekstrargjalda.

Áður voru leigugreiðslur færðar til gjalda línulega yfir leigutíma og einvörðungu færðar eignir eða skuldir ef tímamunur myndaðist milli greiðslu leigu og gjaldfærslu kostnaðar.

Leigueignir sem færðar eru inn í efnahagsreikning vegna innleiðingar IFRS 16 eru færðar í varanlega rekstrarfjármuni, og flokkast þar með sambærilegum eignum sem félagið á fyrir. Bókfært verð leigueigna:

	Húsa- og aðstöðuleiga	Lóðarleiga	Samtals
Staða 1.1.2020	232.828	79.292	312.120
Staða 30.6.2020	230.152	78.674	308.826

Í efnahagsreikning er skuldbinding vegna leigusamninga flokkuð sem langtímaskuld

Leigusamningar þar sem félagið er leigusali

Innleiðing IFRS 16 hefur ekki áhrif á samninga þar sem félagið er leigusali.

Ahrif innleiðingar á uppgjörstímabilinu.

Vegna innleiðingar IFRS 16 er bókfærð staða leigueignar 315,4 milljónir króna og leiguskuldar 317,9 milljónir króna þann Sömluðis er færð afskrift af leigueign og vaxtagjöld af leiguskuldbindingu. Á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2020 er gjaldfærð afskrift vegna leigueigna 3,3 milljónir króna og 8,6 milljónir króna í vaxtagjöld vegna leiguskuldbindinga. Afborgun af leiguskuldbindingu er 0,8 milljónir króna. Áhrif innleiðingar IFRS 16 á sjóðstreymi og hagnað á hlut eru óveruleg.

12. Önnur mál

COVID-19 heimsfaraldurinn hefur án efa haft áhrif á viðskiptavinum HS Veitna hf eins og aðra landsmenn. Óljóst er hver áhrif faraldsins muni hafa á rekstur HS Veitna til langs tíma en á fyrri helming ársins hefur faraldurinn haft óveruleg áhrif. HS Veitur munu fylgjast vel með framvindu mála næstu misseri og grípa inn í ef þurfa þykir. Það er mat stjórnar og stjórnenda að HS Veitur hf séu vel í stakk búin til að takast á við krefjandi aðstæður sem tengjast COVID-19 hvort sem lítið er til þjónustu við viðskiptavinum og eða fjárhags og lausafjárstöðu.